

Fundur stjórnar Öldungaráðs Suðurnesja

Haldinn mánudaginn 21. september 2020 kl. 17.00

Fundarstaður Nesvellir.

Fundargerð:

Mætt; Sigurður Jónsson starfandi formaður, Jóngeir H. Hlinason gjaldkeri  
Sigurbjörg Jónsdóttir, Ásta Björk Eiríksdóttir og Þórdís E. Kristinsdóttir

Á dagskrá voru eftirtalin mál:

### **1. Hugsanlegur fundur með heilbrigðisráðherra**

Rætt var fund með heilbrigðisráðherra sem lengi er búinn að vera í undirbúningi. Kannað verði hvort mögulegt verði að halda þennan fund í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu. Samband verði haft við ráðherra um hvort hún sjái sér fært að mæta á fund um heilbrigðismál á Suðurnesjum. Rætt um mögulegan fundarstað og fundarform, einnig verði kannað um samstarf við fleiri aðila á Suðurnesjum að standa að fundinum.

### **2. Staða mála**

Engin læknamóttaka hefur verið í Vogum síðan í mars s.l. og er sagt að það sé vegna Covid. Æ fleiri Suðurnesjabúar skrá sig hjá heimilislæknum á höfuðborgarsvæðinu, sem veldur samdrætti í tekjum HSS. Samþætting hjúkrunar og heimaþjónustu félagsþjónustunnar er komin á í Reykjanesbæ, en ekki á svæði sameinaðar félagsþjónustu Suðurnesjabæjar og Voga. Styrktarfélag Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja ætlar að funda fljótlega. Sigurður formaður ætlar að hafa samband við forstjóra HSS um að halda fund með stjórn Öldungaráðs Suðurnesja um stöðu mála hjá stofnuninni sem allra fyrst.

### **3. Aðalfundur Öldungaráðs Suðurnesja**

Dagssetning aðalfundar ekki ákveðin enn sem komið er, en stefnt að honum í október eða nóvember.

### **4. Önnur mál.**

Engin önnur mál rædd, en næsti fundur stjórnarinnar var ákveðinn mánudaginn 12. október n.k. kl. 17:00

Fleira ekki gert.

Fundi slitið 17.50.

Jóngeir H. Hlinason ritaði fundargerð.